

Fundargerð 9. fundar, 1. október 2015

Mættir fundarmenn: Hörður Helgi Helgason (formaður), Elfa Ýr Gylfadóttir og Elísabet Pétursdóttir (starfsmaður)

1. Rætt var um frumvarp til laga um breytingu á 233. gr. a almennra hegningarlaga

EÝG fór yfir af hverju orðinu „kynferði“ hafi bætt við 233. gr. a almennra hegningarlaga í fyrirliggjandi tillögum okkar að frumvarpi til laga.

EÝG fór einnig yfir hvernig hatursorðræða beinist oft gegn konum í tiltekinni stöðu o.fl.

HHH fór yfir frumvarpsdrög IRR um baráttu gegn ofbeldi gegn konum. HHH taldri þar vera um að ræða breytingar á lögum svo hægt verði að fullgilda Istanbúl-samninginn. EÝG sagðist ætla að renna yfir fyrirliggjandi frumvarpsdrög IRR og taka afstöðu til hvort þau gefi ástæðu til breytinga á tillögum stýrihópsins að frumvarpi og greinargerð að breyttri 233. gr. a almennra hegningarlaga

Rætt var um viðbrögð IRR (póstur frá ÞKG). EÝG ræddi um að IRR álitur ekki hafa verið um efnisbreytingu að ræða og hvort það sé þá ástæða til að skrifa greinargerðina á nýjan leik. EÝG lagði til að greinargerðin í okkar frumvarpi verði lesin aftur m.t.t. þess að verða við athugasemdum sem þar koma fram.

Elfa Ýr tók að sér verkefni í þessum hluta. Sjá basecamp.

2. Rafræn staðfesting

HHH greindi frá því hver staða málsins sé í starfshópi um hagnýtingu Netsins.

3. Breytingar á ærumeiðingarkafli almennra hegningarlaga

HHH gerði grein fyrir samtali sínu við Pál Þórhallsson, sem var fjarverandi. Næst var verkefnaáætlun ÞÞ skoðuð. Meðieanssvarsloven voru einnig skoðuð. EÝG vék að framkvæmd Norðmanna á þessu sviði og velti upp þeirri spurningu, hvað hafi valdið því að þeir frestuðu gildistöku á nýjum lögum um þetta efni.

ÞÞ falið verkefni í þessum hluta. Sjá basecamp.

EÝG mun skoða mál Norðmanna betur. Sjá basecamp.

4. Vernd afhjúpenda

EÝG ræddi um grein Guðrúnar Johnsen o.fl., sem fjallar um mikilvægi þess að það verði sett löggjöf um uppljóstrara á Íslandi. EÝG rakti dæmi úr grein þeirra um hollenskan mann sem var að vinna hjá fyrirtæki. Það var settur poki af gögnum á hurðina hjá honum sem hann fór með til samkeppnisyfirvalda og í kjölfarið komst upp um mjög stórt samkeppnisbrot. Maðurinn missti allt sitt – en EÝG sagði það dæmigert fyrir aðstæður uppljóstrara. Þá velti hún upp þeirri spurningu, hvort

Það ætti að vera persónulegt mat viðkomandi uppljóstrara að verja sig, en slík mál eru jafnan umfangsmikil.

EYG vék að þeim lagaákvæðum sem voru sett til að varna því að hægt væri að lögsækja höfunda skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um orsakir falls bankanna og velti upp þeirri spurningu hvort þau ákvæði gætu nýst til hliðsjónar í þessari vinnu.

HHH benti á að nauðsynlegt sé að finna jafnvægi milli þessara hagsmuna þannig að það yrði ekki hægt að misnota slíka löggjöf til að varpa öllu fram án ábyrgðar, t.d. til að grafa undan samkeppnisaðila.

HHH lagði til að í starfi sínu að þessu verkefni myndi stýrihópurinn skipta viðfangsefninu upp í átta hluta og setti fram myndræna tillögu (skema) að slíkri skiptingu.

Verkefni AÁ flutt til um dagsetningu. Sjá basecamp.

HHH útbjó excel skjal sem sýnir átta tilvik uppljóstrunar. Sjá basecamp.

5. Gagnageymd

Bréf til höfundaréttarnefndar var skoðað.

Viðstaddir voru sáttir við uppleggið í bréfinu. HHH tók að sér að laga til í því.

Verkefni HHH að breyta bréfi. Sjá basecamp.

Verkefni AÁ að ræða við PKG. Sjá basecamp.

6. Málskostnaður í málum

Ritgerð BK var skoðuð.

Rætt var um að hugsanlega sé hægt að útfæra hugmyndir hans í niðurstöðukafla ritgerðarinnar. HHH sagðist ætla að setja fram hugmynd að framhaldi málsins.

HHH setur fram hugmyndir. Sjá basecamp.

7. Fyrning meiðyrða

Komið til PÞ í frumvarpssmíði til breytinga á ærumeiðingakafla alm. hgl.

PÞ með verkefni í þessum hluta. Sjá basecamp.

8. Hatursorðræða

Ákveðið að loka þessum verkhluta, þar sem stýrihópurinn hyggst ekki aðhafast frekar.

9. Fundi slitið.